

Brecknell, McCartney, Mcgrath, O'dowd, Reavy gegn Bretlandi

Dómur frá 27. nóvember 2007

Mál nr. 32457, 34575, 34651, 34622 og 34640/04

2. gr. Réttur til lífs

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Mannsbani vegna valdbeitingar. Rannsókn lögreglu.

1. Málsatvik

Kærendur eru fimm, búsettir á Norður-Írlandi og fæddir á árunum 1922 til 1951. Þeir eru allir nánir ættingjar manna sem létust í árásum, eða urðu sjálfir fyrir árásum, á árunum 1975 og 1976 í átökum aðskilnaðarsinna og sambandssinna á Norður-Írlandi. Í málum tveggja kærendanna voru lögreglumenn dæmdir fyrir aðild sína að umræddum árásum. Í tveimur málum var hins vegar enginn sóttur til saka og í einu málanna ákvað lögreglan að ákæra ekki tvo menn sem höfðu keyrt áráðarmennina á vettvang áráðarinnar.

Árið 1999 setti nafngreindur maður fram ýmsar ásakanir um samstarf lögreglunnar og sambandssinna, meðal annars vegna framangreindra árása. Lögreglan hóf rannsókn á þessum ásökunum og tók meðal annars skýrslur af sjö mönnum árið 2001 sem voru taldir geta gefið upplýsingar. Rannsóknin bar ekki árangur og var hætt án formlegrar niðurstöðu.

2. Meðferð málanna hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að rannsókn á upplýsingum um að lögreglan og sambandssinnar bæru ábyrgð á dauða ættingja þeirra og/eða árásum á kærendur hefði verið ófullnægjandi. Með því hefði verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 2. gr. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Að því er varðaði 2. gr. taldi dómstóllinn að hún legði skyldu á aðildarríki að láta fara fram viðhlítandi rannsókn á dauða manna, sem létust með saknæmum eða grunsamlegum hætti, enda þótt ekki væri hægt að gera óraunhæfar kröfur til lögreglunnar í þessum efnum. Þegar fram kæmu vísbendingar eða sönnunargögn vegna óupplýsts máls bæri lögreglunni þó að hefja rannsókn. Nánara mat á því hvort rannsókn teldist fullnægjandi að öllu leyti (út frá skilvirkni, sjálfstæði, málshraða, upplýsingagjöf til aðstandenda og ytra eftirliti) réðist af aðstæðum hverju sinni.

Dómstóllinn taldi að ásanirnar sem fram höfðu komið hefðu verið alvarlegar, heimildir umrædds manns hefðu virst traustar og þess eðlis að yfirvöldum hefði verið skylt að rannsaka þær. Rannsókn lögreglunnar í þessu máli gæti ekki talist sjálfstæð í skilningi sáttmálans, enda hefði hún beinst að upplýsingum sem vörðuðu starfsmenn lögreglunnar sjálfar. Rannsókn málsins á frumstigum þess árið 1999 var af þessum ástæðum einróma talin fela í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Eftir að umfangsmiklar skipulagsbreytingar voru gerðar á lögreglunni árið 2001 var hins vegar talið að rannsóknin hefði farið fram hjá nýjum og hlutlausum aðila. Ekki var talið að málshraði hefði verið ófullnægjandi eða brotið hefði verið gegn 2. gr. með öðrum hætti.

Með vísan til þessarar niðurstöðu var ekki talin ástæða til að fjalla sjálfstætt um ætlað brot gegn 13. gr. sáttmálans. Kærendum voru dæmdar miskabætur (5.000 evrur að frátöldum einum kæranda sem voru dæmdar 51.000 evrur) og málskostnaður.